

Vinnuettirlitið

Stefna 2023-2028

Kynning – 8. júní 2022





Almenn gagnaöflun

Rýnt í fyrirliggjandi gögn
sem nýttast til að
undirbúa verkefnið.



Vinnufundir

3 vinnufundir með
stjórnendum og
fulltrúum allra sviða en
tilgangurinn er að skapa
vettvang fyrir starfsfólk
að koma á framfæri
sjónarmiðum og benda á
leiðir til úrbóta.



Netsamráð

Áherslur stofnunarinnar
verða settar upp í
netkönnun og send til
starfsfólks og valinna
hagaðila.



Stefnudagur starfsfólks


Á starfsdögum í mars
verður stór fundur þar
sem allt starfsfólk vinnur
að því að móta markmið
fyrir starfsemina og
unnið er með innleiðingu
heimsmarkmiða
Sameinuðu þjóðanna.



Samráð við ráðuneyti og stjórn

Samráð þar sem horft er
fram á veginn á grunni
gagna frá fyrri stigum
stefnumótunar og
umræða um áherslur og
markmið.





Helstu áskoranir fram á veginn



ÁTTA LYKILÁSKORANIR



BREYTINGAR Á
STÖRFUM



VILJI FÓLKS TIL
BREYTINGA



AUKIN KRAFA UM
STAFVÆÐINGU Í EFTIRLITI
OG FRÆÐSLU



AUKIN SAMTENGING
UPPLÝSINGAKERFA



MÆLANLEG
MARKMIÐ OG
NOTKUN Á TÖLFRÆÐI



NÁ TIL ÓLÍKRA HÓPA
MEÐ FRÆÐSLU OG
UPPLÝSINGAR



INNLEIÐING
BREYTINGA



EINFÖLDUN OG
SAMRÆMING
VINNUBRAGÐA

Framtíðarsýn til ársins 2028



**ALLIR HEILIR
HEIM ÚR VINNU**

Með öflugu vinnuverndarstarfi, sem er í stöðugri þróun í takti við örar breytingar á vinnumarkaði, hefur Vinnueftirlitið stuðlað að bættri vellíðan, heilsu og öryggi starfsfólks.

Árangursríkt vinnuverndarstarf er samstarfsverkefni atvinnurekenda og starfsfólks við að viðhalda og bæta öryggi og aðbúnað á vinnustöðum og þannig er komið í veg fyrir vinnuslys, óhöpp og vanlíðan starfsfólks.

Góð heilsa skilar atvinnulífinu aukinni framleiðni og samfélaginu ávinningi. Áreiðanlegar upplýsingar og greining gagna um þróun helstu áhættuþátta í vinnuumhverfi gerir okkur kleift að forgangsraða í eftirliti, forvarnarstarfi og upplýsingamiðlun.

Nýsköpun, umbætur og einföldun eru lykilatriði í okkar starfi og við höfum verið leiðandi í að benda á aðferðar, bæði nýjar og þekktar, til að bæta vinnuvernd á vinnustöðum.

Meginmarkmiðin okkar

Stefna Vinnueftirlitsins er byggð upp í kringum fimm meginmarkmið. Hvert og eitt þeirra á að stuðla að langtímaumbótum og jákvæðum breytingum til þess að framtíðarsýnin verði að veruleika.




**FIMM
MEGINMARKMIÐ**




VELLÍÐAN




ÖRYGGI



ÞÁTTTAKA



EINFÖLDUN



AÐLÖGUN

Gildin okkar



**GILDIN ERU
KJARNINN Í OKKAR
STARFSEMI**



Frumkvæði

Frumkvæði felst í því að leggja óumbeðið fram tillögur sem stuðla að framförum og taka þátt í því að hrinda þeim í framkvæmd þegar við á.



Forvarnir

Forvarnir eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir heilsutjón og draga úr afleiðingum atburða og aðstæðna sem gætu valdið heilsutjóni.



Fagmennska


Fagmennska felur í sér að verk séu unnin heiðarlega, á grundvelli fullnægjandi þekkingar og í samræmi við lög, reglur og viðurkennt verklag.

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Við val á aðgerðum til að koma áherslum stefnunnar í framkvæmd verður horft til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

HEIMSMARKMIÐIN Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun





ÖRYGGI



3 HEILSA OG VELLÍÐAN
8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
10 AUKINN JÖFNUBUR




ÞÁTTTAKA



3 HEILSA OG VELLÍÐAN
10 AUKINN JÖFNUBUR



AÐLÖGUN



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
11 SÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFELÐ



VELLÍÐAN



3 HEILSA OG VELLÍÐAN
5 JAFNRÉTTI KYNJANNA
8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR
10 AUKINN JÖFNUBUR




EINFÖLDUN



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING





1 VELLÍÐAN

1. Draga úr fjarveru fólks frá vinnu með aukinni vinnuvernd.
2. Efna til almennrar umræðu um mikilvægi góðrar vinnustaðamenningar, þar á meðal samskipti á vinnustöðum, í síbreytilegu umhverfi, til að stuðla að vellíðan og koma í veg fyrir neikvæð samskipti svo sem áreitni, ofbeldi og einelti.
3. Draga úr vinnutengdum stoðkerfisvanda en stoðkerfisvandi er önnur helsta orsök örorku hér á landi.
4. Auka vitund almennings um vinnutengda kulnun starfsfólks og hvernig megi fyrirbyggja hana.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



10 AUKINN JÖFNUÐUR



Við viljum stuðla að góðri heilsu og vellíðan alls starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði með fræðslu, öfluggu forvarnarstarfi og áhættumiðuðu eftirliti.

2

ÖRYGGI

5. Stuðla að nýsköpun á sviði vinnuverndar, svo sem með stafrænum ferlum og verkfærum og miðlun á fræðslu.
6. Fækka vinnuslysum á innlendum vinnumarkaði með markvissum forvörnum.
7. Efla vitund einstakra hópa á vinnumarkaði um vinnuvernd, svo sem starfsfólks sem skilur ekki íslensku, ungs fólks og starfsfólks er sinnir áhættusömum störfum.
8. Skapa umræðuvettvang fyrir framsýna og málefnadrifna umræðu um vinnuvernd í mannvirkjagerð í víðum skilningi.
9. Miðla orsökum vinnuslysa og þróun þeirra til hagsmunaaðila svo hægt sé að bregðast við hratt og örugglega.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



10 AUKINN JÖFNUÐUR



Við fylgjumst með skipulagi öryggismála á vinnustöðum, vinnuvélum og notkun hættulegra efna og berum kennsl á helstu áhættuþætti í umhverfinu.

3

ÞÁTTTAKA

10. Styðja og hvetja vinnustaði landsins til að koma á kerfisbundnu vinnuverndarstarfi sem byggist á samvinnu atvinnurekenda, stjórnenda og starfsfólks.
11. Stuðla að þátttöku allra á vinnustaðnum, þ.e. atvinnurekanda, stjórnenda og starfsfólks, í virku vinnuverndarstarfi þar sem allir axla ábyrgð á góðri vinnuvernd og vellíðan á vinnustaðnum.
12. Hvetja vinnustaði til að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði sem tekur á öllum fimm meginstoðum vinnuverndar.
13. Hvetja til samfélagslegrar umræðu um mikilvægi vinnuverndar þannig að stuðlað sé að jákvæðri ímynd og viðhorfi almennings til vinnuverndarstarfs.
14. Auka samstarf við háskólasamfélagið og aðrar rannsóknarstofnanir um rannsóknir á sviði vinnuverndar.

Við hvetjum vinnustaði til þátttöku í kerfisbundnu vinnuverndarstarfi enda leiði góð vinnustaðamenning og heilsusamlegt umhverfi til samfélags- og fjárhagslegs ávinnings fyrir okkur öll.

3 HEILSA OG VELLÍÐAN



10 AUKINN JÖFNUBUR



4

AÐLÖGUN

15. Meta og bregðast við áhrifum aukinnar tæknivæðingar á vinnuumhverfið, bæði jákvæð og neikvæð áhrif, svo sem að starfa með vélum og vélmennum, einföldun starfa og einhæfing.
16. Meta áhrif samblands fjarvinnu og vinnu á vinnustað á vinnuvernd starfsfólks (e. hybrid labour market).
17. Meta áhrif aukinnar kröfu um veitingu heilbrigðis- og félagsþjónustu á einkaheimilum notenda á vinnuvernd starfsfólksins.
18. Efla samtali við hagaðila, þ.á m. aðila vinnumarkaðarins, um vinnuvernd þeirra sem sinna netvangsstörfum (e. platform workers) og þeirra er starfa í öðrum löndum en vinnuveitandi þeirra hefur staðfestu í.
19. Hvetja til umræðu um umhverfisáhrif af notkun vinnuvéla og tækja ásamt mikilvægi vinnuverndar þeim tengdum á vinnustöðum og hvetja til notkunar á umhverfisvænum vinnuvélum og tækjum.

8 GÓÐ ATVINNA
OG HAGVÖXTUR



11 SJÁLFBÆRARBORGIR
OG SAMFÉLÖG



Við sjáum fyrir okkur mun örari breytingar á vinnumarkaði á næstu árum sem munu hafa áhrif á starfsumhverfi fólks og vinnuaðferðir og horfa þarf til vinnuverndarsjónarmiða í ljósi þess.

5

EINFÖLDUN

20. Efla þróun stafrænna þjónustuferla sem bæta þjónustu og notendaupplifun þar sem upplýsingatæknin er nýtt á skilvirkan hátt til að auka gæði og áreiðanleika.
21. Efla eftirlit stofnunarinnar með einföldun og þróun ferla, nýsköpun og nýtingu á tækni, svo sem stafrænt eftirlit, í samræmi við góða stjórnsýslu.
22. Koma á auknu faglegu samstarfi þvert á stofnunina og efla faglega verkefnisstjórnun.
23. Efla gæði eftirlitsskoðana og eftirfylgni gagnvart vinnustöðum.

9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



Við vinnum markvisst að því að samræma verkferla, efla gæði og einfalda nálgun okkar og samskipti út á við með stafrænum leiðum og með þverfaglega nálgun að leiðarljósi

